



Aukin löggæsla, þrif og aðhald í miðborginni!

– meðal þeirra óska sem fram komu á miðborgarfundi í Ráðhúsinu í gær

Júlíus Vífill Ingvarsson borgarfulltrúi lýsti m.a. vilja til þess að lokunartímar skemmtistaða yrðu þrengdir um 90 mínútur



Á fjölmennum fundi um miðborgarmál í Ráðhúsinu í gær voru lagðar fram óskir fundarmanna um sýnilegri löggæslu og aukin þrif í miðborginni. Auk þess var almenn samstaða um að þrengja opnunartíma skemmtistaða miðborgarinnar. Júlíus Vífill Ingvarsson borgarfulltrúi sem fer fyrir starfshópi sem skipaður var til að komast að niðurstöðu um opnunartíma o.fl. miðborgarmál boðaði til fundarins og lýsti m.a. vilja til þess að lokunartímar skemmtistaða yrðu þrengdir um 90 mínútur frá því sem nú er. Undir það virtust veitingamenn sjálfir taka með opnum huga.

Fundurinn var hluti af lýðræðislegu lokiferli starfshópsins og sátu fundarmenn við borð og töluðu sig saman um einstaka þætti miðborgarmála að finnskum hætti. Endanleg niðurstaða starfshóps Júlíusar og félagamun taka mið af fundinum í gær og verða birt fyrir mánaðamót.

Meðal þeirra sem tóku þátt í fundarstörfum voru, auk nokkurra borgarfulltrúa og embættismanna, þeir Stefán Eiríksson löggreglustjóri, Magnús Skúlason formaður Íbúasamtaka miðborgarinnar og fjölmargir veitingamenn, rekstraraðilar og íbúar miðborgarinnar.

MIBBORGAR - BRANDUR
LIGGUR Á HLERI...



Verður Hlemmur grænn?

Meðal þess sem rætt er um þessa dagana eru hugmyndir um að efla efsta hluta Laugavegar frá Hlemmi að Frakkastíg, en þar eru fleiri laus verslunarpláss en á nokkrum öðrum stað í miðborginni. Lagðar hafa verið fram hugmyndir um að gera hina rótgrónu samgöngumiðstöð Hlemm að vistvænum og grænum stað, þar sem t.d. mætti nálgast plöntur, blóm og fræ auk þess sem húsið sjálft yrði hlýjað upp með gróðri að utan sem innan.

Þess má geta að lífræna heilsuverslunin Yggdrasill flutti nýlega frá Skólavörðustíg að horni Laugavegs og Rauðarárstígs og hefur verslunin stóraukist á nýja staðnum. Sú lífræna starfsemi mundi ríma vel við grænan og blómlegan Hlemm, ef af verður. Þá væri kjörið að koma fyrir kaffihúsi í auða rýminu við hlið Hlemms, vestanmegin, en það húsnæði hefur staðið autt í nokkur ár.

Umrætt hús hýsti í eina tíð Náttúrugripasafnið og mætti vel hugsa sér eins konar Náttúrugripakaffi þar, en húsið er stórglæsilegt og byggt í Art Deco stíl.

Þá mætti hugsa sér endurreisn leikhússtarfsemi í norðurenda sama húss, en þar starfaði Möguleikhúsið til skamms tíma.

Miðborgar- Brandur vonar að þessar hugmyndir verði að veruleika.





Miðborgin okkar skiptist í sjö deildir með sjö deildarstjórum

Á stofnfundi Miðborgarinnar okkar í október sl. var kynnt sú hugmynd að skipta miðborginni upp í sjö deildir. Í framhaldinu var ákveðið að skipa hverri deild sérstakan deildarstjóra, markaðsstjóra og ritara í þriggja manna deildarráði. Þessi tilhögun hefur verið viðhöfð frá fyrstu dögum hins nýja félags og var í fyrsta sinn efnt til stjórnarkosninga á aðalfundi félagsins í apríl sl.

Vegna þeirrar áherslu sem lögð er á að efla efsta hluta Laugavegar og hliðargatna hlaut það svæði sámdarheitið 1. deild og fer Ari verslunartjóri í Yggdrasli fyrir þeirri deild.

Rekstraráðilum er að koma ábendingum um betrubætur og annað á umræddu svæði til hans á netfangið ari@yggdrasill.is eða á Jakob Frímann framkvæmdastjóra á netfangið jfm@midborgin.is

- 1. DEILD** nær frá Hlemmi að Vitastíg og inniber hliðargötur og samhliða götur.
- 2. DEILD** nær frá Vitastíg að Frakkastíg og deildarstjóri þeirrar deildar er Magnús G. Friðgeirsson í Kúnígúnd sem jafnframt er formaður Miðborgarinnar okkar. kunigund@kunigund.is
- 3. DEILD** nær frá Frakkastíg að Klapparstíg. Deildarstjóri er Gunnar Guðjónsson. gunnar@profil-optik.is
- 4. DEILD** er frá Klapparstíg að Bankastræti og er Frank U. Michelsen deildarstjóri. sviss@sviss.is
- 5. DEILD** er Skólavörðustígur. Deildarstjóri er Jóhann Jónsson. ostabudin@ostabudin.is
- 6. DEILD** er Bankastræti. Deildarstjóri er Hildur. hildur@saevarkarl.is
- 7. DEILD** er Kvosin. Deildarstjóri er Halla Bogadóttir. halla@kraum.is

Hikið ekki við að koma með ábendingar um hvaðeina á ykkar svæðum sem reynt verður að vinna úr sem allra fyrst.



Félagsgjöld verða kr. 5.000

Á aðalfundi Miðborgarinnar okkar var ákveðið að halda félagsgjöldum í lágmarki og miðast þau við getu smæsta einyrkjans í miðborginni, kr. 5.000 á mánuði.

Gjöldin standa straum af sameiginlegum viðburðum og tónlist í miðborginni, sameiginlegu markaðsstarfi, auglýsingum langra laugardaga á Rás 2, Bylgjunni, Morgunblaði, Fréttablaði o.fl.

Auk þess fá þeir sem skrá sig í Reyniviðarklúbb 101 sérstakt reyniviðarmerki á glæru til að líma í glugga sína auk þess sem sama merki verður við nafn umrædds fyrirtækis á heimasíðu Miðborgarinnar okkar.

*Nú ríður á að standa saman!
Fyrsta innheimta félagsgjalda
er um mánaðamótin maí /júní.*



Flower Power

Blómadagurinn á Skólavörðustíg verður síðasta laugardag í maí

Blómadagurinn á Skólavörðustíg verður laugardaginn 29.maí n.k. sem er í senn kjördagur og Evróvisiondagur. Mikið verður um að vera, veitingar verða í boði Banana o.fl.

Boðið verður upp á lifandi tónlist um alla götu og verður margt til skemmtunar.

Meðal þeirra sem fram koma efst á Skólavörðustíg er sjálfur Eggert feldskerí ásamt félögum en gegnt Hegningarhúsinu verður Flower-Power hljómsveitin Caterpillar Men með tónleika.

Blómadagurinn er árlegur viðburður á Skólavörðustíg.